

Byggingarsamþykkt

fyrir Sauðárkrók.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Sauðárkrókskaupþún í Skagafjarðarsýslu. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar fyrir hús og önnur mannvirki í kaupþúninu, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafist breytingar á því, sem þegar hefir gert verið.

Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar. Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skifti, hverjar aðgerðir telja skuli höfuðbreytingar.

3. gr.

Yfirstjórn byggingarmála er í höndum hreppsnefndar. Byggingarnefndin veitir öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess að byggingarsamþykktinni sje fylgt.

Ef lóðareigandi eða húss þykir rjetti sínum hallað með úrskurði byggingarnefndar, getur hann skotið honum til stjórnarráðsins.

4. gr.

1. Í byggingarnefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddivitinn í Sauðárkróks-hreppi, er sje formaður, og 4 menn aðrir er hreppsnefnd kys, 2 úr sínum flokki. Meðal nefndarmauna sje jafnan eigi færri en tveir byggingarfróðir, ef kostur er.

2. Nefndin skal kosin til sex ára og fer kosning fram í janúarmánuði. Þó skal kosið í fyrsta sinn þegar er samþykkt þessi hefir hlotið staðfestingu, og gildir sú kosning til ársloka eftir að kosning í hreppsnefnd hefir farið fram. Að öðru leyti gilda sömu reglur um kosningu þessa og um kosningu hreppsnefnda.

3. Nefndin velur sjer ritara úr sínum flokki og heldur sjerstaka gjörðabók yfir athafnir sínar og ályktanir. Undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.

4. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

5. Gjörðabókinni skal fylgja glögg skrá eða registur svo gjört að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.

6. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll brjef, er nefndinni berast, og brjefabók.

72
23. maí.

7. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sjerfræðinga í þeim málum er hana varðar, en brestur sjerþekking á.

5. gr.

Byggingarnefndin skal jafnskjótt og unt er láta gjöra byggingar eða skipulagsupprátt, eftir ekki minni mælikvarða en 1 : 500 yfir alt kaupúnið, þar sem á sje mörkuð skipun húsa, gatna og auðra svæða nú og framvegis um ákveðið árabíl eða eftir mannfjölgun og aukningu bygðarinnar. Skal eftir föngum ákveða, hvar vera skuli strjálbýlt og hvar megi vera samstæð bygging, hvar ætlaður er staður opinberum húsum, sem reist kunna að verða, íþrótt- og skemti-svæðum o. s. frv.

Nái uppdrátturinn samþykki stjórnarráðsins hefir hann sama gildi og byggingarsamþyktn.

6. gr.

1. Breidd gatna skal aðallega sniðin eftir umferð þeirri, sem um þær má vænta. Götubreidd er stysta lína milli beggja götujúðra, sem myndar sama horn við þá báða.

2. Byggingarnefnd ákveður og setur niður götujúðra og húsalinnr.

3. Aðalgötur sjeu ekki mjórri en 12,00 metra, en aðrar götur eftir því sem byggingarnefnd telur hæfilegt. Hvergi má þó mjórri vera en 10,00 metrar milli húsalína, enda þótt sjálf gatan eða vegurinn sje mjórri.

4. Þar sem gangstjett er gjörð, skal hún að jafnaði ekki mjórri vera en $\frac{1}{6}$ hluti allrar götubreiddarinnar og aldrei mjórri en 1,00 metri.

5. Byggingarnefnd getur krafist þess, að á gatnamótum sje hús eða annað mannvirki, sem tekur meira en 1,00 metra yfir götu, hornsneitt. Sniðið sje ekki mjórri en 2,00 metrar og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gjöra bungumyndað, ef bungan tekur á miðju ekki meira en 0,40 metra fram úr fyrgreindum sniðfleti. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar gjörð mannvirkisins mælir með því eða nefndinni þykir önnur ástæða til.

6. Inngöngurið og birtugrófir mega hvergi taka meira en 0,50 metra framyfir húsalínu, og það því að eins, ef gangstjett er, að eftir sje af henni ótept að minsta kosti 1.00 metra breidd.

7. Til þess að torg og götur nái tilætlaðri breidd og skipulagi skal byggingarnefnd heimilt að taka lóðarspildur eignarnámi, og sömuleiðis að færa hús eða önnur mannvirki, þegar höfuðaðgerð fer fram á þeim.

8. Endurgjald fyrir lóðarnám og færslu mannvirkja eftir 7. lið skulu tveir dómkvaddir menn meta eftir stærð og verðmæti allrar lóðarinnar eða mannvirkisins og rýrnun þeirra og kostnaði, er aðgerðir nefndarinnar kunna að hafa

72 valdið. Endurgjaldið skal greitt úr hreppssjóði kaupsinsins, eins og önnur 23 maí gjöld þess.

9. Lóðareigandi eða húss getur krafist yfirmats, ef honum þykir ástæða til, en ber sjálfur kostnað þann er þaraf flýtur, nema endurgjaldið verði hækkað.

7. gr.

1. Byggingarnefnd getur krafist þess að komið sje upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbygð lönd þeim megin, sem að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem samþykktin tekur yfir. Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðing skuli sett, eftir samkomulagi við landeiganda. Ekki má girðing ná út yfir götujaðar, þó að lóðin nái lengra.

2. Gaddavir má hvergi nota fram með götu eða vegi, og þar sem gaddavir er nú á slíkum stöðum, skal nema hann burtu og setja aðra girðingu innan árs frá þeim degi, er samþykkt þessi öðlast gildi. Ekki má setja steingarða úr óhöggnu grjóti fram með alfara vegi.

8. gr.

1. Hver sá er breyta vill húsi, reisa nýtt hús eða gera önnur mannvirki á lóð sinni, skal senda byggingarnefnd skriflega beiðni um það, og sje beiðnin tvirituð. Beiðninni skulu fylgja í tveim eintökum:

- a. Uppdrættir í ekki minni mælikvarða en 1 : 100 með árituðum stærðamálum, svo greinilegir að glögglega megi af þeim sjá alla gjörð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og kanna að það sje að öllu svo sem vera ber. Einkum skal á húsauppdráttum greina þykt veggja og gildleik og fyrirkomulag gólfviða svo og til hvers hvert herbergi er ætlað á öllum hæðum hússins.
- b. Lóðaruppdrættir í ekki minni mælikvarða en 1 : 200 með árituðum stærðamálum, er sýni lögun og stærð lóðarinnar, mannvirki þau er fyrir kunna að vera á henni og það eða þau er gjöra skal, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skulu rituð á uppdráttinn. Byggingarnefnd getur leyft minni mælikvarða á lóðaruppdráttum en hjer var talinn, þegar um mjög stórar lóðir er að ræða.
- c. Lýsing á mannvirki því, sem um ræðir, lóðinni og ásigkomulagi grundvallar og, ef um nýtt hús er að ræða eða gagngjörða breytingu á húsi, sem fyrir er, hvernig ætlast er til að hagað verði afrenslu frá húsi og lóð, og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.
- d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gjörð eru frábrugðin almennri venju eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á sjeruppdráttum, ef byggingarnefnd krefst, og í ekki minni mælikvarða en 1 : 25; skal fylgja glögg lýsing og styrkleikareikningur látinn í tje, ef óskað er. Á uppdráttum sje jafnan skráð stærðarlutfall þeirra við virkileika og fylgi hverju hlutfalli mælikvarði með skiftingu eftir metramáli. Jafnframt má nota álnamál en ekki eingöngu. Þegar svo ber undir, að byggingar-

nefnd telur óþarft að krefjast svo ítarlegra skjala, sem hjer hefir verið ráð fyrir gjört, getur hún veitt ívilnanir um það.

2. Sá maður skal undirskrifa alla uppdrættina, sem ábyrgð ber á því, að mannvirkid samkvæmt þeim verði að öllu löglegt, enda sje hann um það bær að dómi byggingarnefndar. Ber hann einnig ábyrgð á því, að smiðin verði uppdráttunum samkvæm og að öllu svo sem vera ber, nema að svo sje að sú ábyrgð hvili á öðrum manni, og skal það þá tekið fram og nafns þess manns getið í beiðninni.

3. Eftir að byggingarnefnd hefir kynt sjer umsóknina og íhugað, leggur hún annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafni sínu, en endursendir beiðanda hitt eintakið með árituðum úrskurði sínum, að jafnaði innan hálfis mánaðar frá því er hún tók á móti beiðninni. Sje beiðninni neitað eða breytingar gjörðar að samþyktarskilyrði, skal greina ástæður þess. Ekkert byggingarleyfi má veita, nema því að eins að umsjón verksins og ábyrgð sje í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess færan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

4. Ekki má byrja á nýrri byggingu eða gjöra breytingu á eldri byggingu nje heldur í neinu vikja frá samþyktum uppdráttum, fyr en fengið er til þess leyfi byggingarnefndar.

5. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustöðunum, meðan á smiðinni stendur, og byggingarnefnd og einstökum mönnum hennar jafnan heimill aðgangur að því og byggingunni, meðan hún er í smiðum.

6. Byggingarnefnd skal krefjast þess, að byggingarefni, verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíð og mannvirkji sjeu traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni, og skal nefndinni heimilt að gjöra um þetta þær ráðstafanir er duga mega, á kostnað eiganda, ef ekki fæst trygt með öðru móti, eða stöðva verkið að öðrum kosti.

7. Húseigandi skal tilkynna byggingarnefnd með tveggja daga fyrirvara:

- a. Hvenær byrjað er á undirstöðum eða breytingum á þeim.
- b. Hvenær raka-varnarlag er lagt í vegg.
- c. Hvenær þak er reist á steinhúsi og grind timburhúss og
- d. Hvenær gólf eru lögð á bita, þar sem milligólf verður.

8. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það áður en tvö ár eru liðin.

9. gr.

Ekki má taka neitt hús til afnota, fyr en fengið er vottorð byggingarnefndar um að það fullnægi kröfum byggingarsamþyktarinnar.

10. gr.

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbygð lóð innan húsalínu, er ekki sje minni en hússtæðið. Skerðist lóð að mun við götubreikkun má byggingarnefnd

72 veita nokkra ívilnun um þetta. Þó má hússtæðið aldrei nema meiru en $\frac{2}{8}$ hlut-
 23. maí um lóðarinnar. Ekki má gera þak yfir óbygða lóð, sem fylgja skal íbúðarhúsi.

2. Gluggi eða gluggar íbúðarherbergis, eldhúss eða vinnustofu sje ekki nær öðru húsi andspænis en meðalveggghæð þess húss er fyrir ofan gólf herbergisins. Þar að auki getur byggingarnefnd leyft aðra glugga á sama herberginu.

3. Ekki má hækka gömul hús, ef hækkunin mundi hafa í för með sjer, að auð bil útundan gluggum yrði að tiltölu minni en í 2. lið er krafist.

4. Greiður gangur skal vera fyrir slökkvitöl að þeim hluta lóðar hvers húss, er ekki liggur að götu og ákveður byggingarnefnd í hvert skifti, hvernig inngangi á lóðina skuli hagað.

11. gr.

Á öll hús, sem framvegis verða reist í kaптúninu, skal setja þakrennu með veggrennum svo löngum, að op þeirra sje í mesta lagi 16 sentimetra fyrir ofan gangstjett eða götu. Þar sem gangstjett er, getur byggingarnefnd heimtað að gjörð sje steinrenna yfir þvera stjettina frá hverri veggrennu út í göturennu. Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd heimtað að þakrennur með veggrennum sjeu settar í eldri hús.

12. gr.

1. Veggghæð húss skal mæla frá götu upp í skurðarlinu þak- og veggflatar að utanverðu. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina linu milli jaðra þeirra gatna, sem næstar liggja húsinu á báðar hendur, eða við jarðarflöt umhverfis húsið, sem ekki er lægri en þessi lina. Þar sem þessi ákvæði ná ekki til eða eiga ekki við, kveður byggingarnefnd á um það, hversu mæla skuli. Undirstöðuhæð húsa skal miða á sama hátt og nú er sagt (sbr. 14. gr.).

2. Hæð húsa er fyrst og fremst háð þeim takmörkum, sem byggingarnefnd setur í hvert skifti eftir slökkvitólum þeim og björgunartækjum, sem fyrir hendi eru, og eldshættu þeirri, er hún telur byggingarlagi hússins, efni þess og notkun samfara. Veggghæð húss má ekki meiri vera en breidd götunnar milli húsalína. Þetta ákvæði nær þó ekki til húsa sem standa við torg eða andspænis opnu svæði. Ef gatan hallast fram með húsi, skal tekin meðalhæð. Hæð húss á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna bæði á þeirri hlið, er að henni veit, og einnig þeirri, er veit að mjórri götunni, en þó ekki lengra frá horni (skurðarpunkti hússlínanna) en breidd mjórri götunnar nemur á gatnamótunum.

Ef hús er reist inni á lóð, má miða húshæðina við götubreiddina að viðlögðu hinu auða svæði framan við húsið, en þá telst það svæði ekki til þeirrar óbygðrar lóðar, er fylgja ber húsinu (sbr. 10. gr. 1.).

3. Þar sem götubreidd eða annað er ekki til fyrirstöðu, má hæð húsa vera sem hjer segir:

a. Hús úr steini eða steinsteypu, sem innan eru klædd steinlimshúð eða öðru jafneldtryggu efni, samfelt á veggjum og lofti í hverju herbergi, mega vera

að vegghæð alt að 10,00 metrum. Í þeim má vera íbúð á tveim hæðum og auk þess annaðhvort í þakhæð eða í kjallara, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðarlínu þak- og veggflatar nje meira en 1,25 metrum fyrir neðan hana. Ef hvorki er íbúð í þakhæð nje kjallara, má leyfa þrjár hæðir og alt að 11,00 metra vegghæð.

b. Timburhús — og steinhús þau sem innan eru jafn eldfim timburhúsum — mega ekki vera vegghærri frá götu en alt að 9,00 metrum og íbúð í þeim ekki á fleiri gölfum en tveimur.

c. Leyfa má brjóstþil innan á veggjum allra húsa, sümuleiðis veggfóður, sje það ekki á huldu. Þó má hvergi nota veggfóður í stigahúsum og ekki má heldur hafa brjóstþil í stigahúsum þeirra húsa, sem íbúð hafa á þrem gölfum.

4. Rishalli á þökum þeirra húsa, sem bygð eru eins há að veggjum og frekast er leyfilegt eftir 2. og 3. lið þessarar greinar, má ekki meiri vera en nemi 45° horni við lárjettan fiöt. Sje þak brattara, skal húsið vera þeim mun vegglegggra, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til, enda sjeu þá ákvæðin í 2. lið ekki til fyrirstöðu.

5. Byggingarnefnd getur veitt sjerstakt leyfi til að byggja hærri turna, kvist, gaffla og þess háttar til skrauts, en þó má samanlögð breidd slíkra útbygginga ekki nema meiru en hálfri lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru yfir, nje heldur má vera skemmra milli tveggja slíkra útbygginga en nemi helmingi af samanlagðri breidd þeirra.

13. gr.

Við hús, sem reist er nær lóðarmörkum en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg út að nágrannalóð. Sje hús á nágrannalóðinni nær lóðarmörkum en 3,15 metra og án eldvarnarveggjar, skal gera eldvarnarvegg við hið nýja hús, ef það er sett nær nágrannahúsinu en 6,30 metra, nema eigandi nágrannahússins hafi áður skuldbundið sig til að gera eldvarnarvegg þegar þess yrði krafist, og skal hann þá gjöra slíkan vegg.

Við hús, sem nú stendur nær lóðarmökum en 3,15 metra eða nær nágrannahúsi en 6,30 metra og er án eldvarnarveggjar, skal gera slíkan vegg þegar höfuðaðgjörð fer fram á því.

Eigi má skifta húseign, nema hver hluti hennar fullnægi kröfum þessarar samþyktar um sjerstakar húseignir.

Eldvarnarveggi skal gjöra úr grjóti og steinlími eða úr steinsteypu. Þeir skulu ná 16 sentimetra upp fyrir þakið og hvergi þynnri vera en 18,5 sentimetrar, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykt þeirra í hvert skifti. Á þeim mega hvorki vera gluggar nje önnur op.

Elvarnarveggur skal vera áfastur við húsið og má hann vera sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur báðum húsunum og tekur 16 sentimetra upp fyrir þak herra hússins.

1. Grafa skal undirstöður útveggja í öllum húsum og burðarveggja innanhúss niður á fastan botn og ekki skemmra en 1,25 metra í jörð niður, þar sem föst klöpp er ekki ofar. Undirstöðu íbúðarhúsa og allra þeirra húsa, sem tvílofta eru eða hærri, skal hlaða úr grjóti og steinlíma (sementi eða kalki) eða steypa alla leið frá föstum botni undir steinhúsum, en þúkka má undirstöður timburhúsa, þó ekki ofar en svo að eftir sje í jörð að minsta kosti 0,65 metra af undirstöðunum. Byggingarnefnd getur leyft þúkk undir litlum og láguum steinhúsum eða þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, en hinsvegar trygging þess að óhult sje. Þó sku'u undirstöður steinhúsa ekki ná skemmra í jörð en 1,25 metra nema föst klöpp sje ofar.

2. 10—20 sentimetrum fyrir ofan jarðarflöt eða fyrirhugaða hæð hans skal leggja í undirstöðu allra húsa rakavarnarlag í minsta lagi 2ja sentimetra þykt úr sementi og sandi til helminga, og þar á jarðbik, þakhellur í sementi eða annað vatnshelt efni.

Þar sem enginn er kjallari má rakavarnarlagið koma ofan á undirstöðurnar, en ávalt neðan gólfviða. Þar sem kjallari er gerður skal einnig leggja rakavarnarlag, 5—10 sentimetrum ofan kjallaragólfs, og skulu þá útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, þegar um skúra eða litil útihús er að ræða.

15. gr.

1. Veggir steinhúsa sjeu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti og steinlími rent í raufarnar, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir íbúðarhúsa ofan kjallara og einnig í kjöllum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gjörðir úr steypu ekki veikari en 1:4:7 (þ. e. 1 hl. sements móti 4 hl. sands og 7 hlutum mulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggir og undirstöður má gjöra úr steypu 1:4:8. Með sjerstöku leyfi byggingarnefndar má drýgja steypu í undirstöðu með hreinu sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu, þegar veggþykt undirstöðunnar er ekki undir 40 sentimetrum eða á henni hvílir ekki mikill þungi. Þó má enginn steinn á neinn veg stærri vera en nemi alt að helmingi veggþykta; allstaðar sje smágjörðari steypa á milli steinanna og utan að þeim, og steypan blönduð ekki veikari en svo, að móti 1 hl. sements komi 3 hl. sands, 6 hl. mulnings, eða malar, og 4 hl. grjóts.

Öll steypuefni sjeu sterk, ófúin og að öðru óskemmd og úr þeim hreinsuð öll lifræn efni. Sementið sje ávalt gott Portlands-sement. Grjótmulningur og steypumöl sje af margbreyttri stærð og ekki stórgerðari en svo, að stærstu molar fari í gegnum 5 sentimetra viðan hring.

2. Þykt veggja, sem gjörðir eru úr ekki veikara efni en steinsteypu 1:4:8, skal vera sem hjer segir:

a. Þykt hliðveggja þeirra, sem eru burðarveggir (bera þak- og loftþunga), skal í einlofta húsum eða í efri eða efstu hæð í hærri húsum miða við breidd

hússins frá ytri brún veggjarins inn í miðjan næsta burðarvegg — er þessi breidd hjer kölluð B — og veggghæðin frá gólfi og upp undir þak (á efri brúnsyllu), og er sú hæð hjer táknuð með H. Skal veggjarþykktin í minsta lagi vera

$$\frac{1}{25} B + \frac{1}{50} H.$$

Ef húsið er portbyggt, skal samt sem áður mæla veggghæðina frá gólfi alla leið upp á syllu, en hins vegar þarf sá hluti veggjarins, sem er fyrir ofan loft (þ. e. portveggurinn), ekki þykkari vera en 23 sentim., þó að veggurinn eigi annars að hafa meiri þykkt, nema aðrar ástæður komi til greina.

Ef enginn er burðarveggurinn milli útveggja, en þungi þaks og lofts hvílir eingöngu á útveggjum, skal B vera öll breidd hússins utanmáls.

Ef húsið er marglofta, skal auka þykkt hliðveggja í næstu hæð í minsta lagi um $\frac{1}{50}$ hæðarinnar — mælt af gólfi á gólf — og þannig koll af kolli fyrir hverja hæð, að kjallara meðtöldum.

Hjer og alstaðar annarsstaðar í samþykkt þessari er hæð í húsi talin af gólfi á gólf, ef ekki er annars getið sjerstaklega.

Þverveggir úr sama efni og hliðveggir og sambygðir þeim, sjeu að jafnaði ekki strjálli en svo, að einn komi að minsta kosti á hverja 10 metra í lengd hliðveggjar.

- b. Gaffveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga, en á eru gluggar eða dyratóftir, mega vera 23 sentimetra þykkir ofan efsta lofts (þ. e. í þakhæð) og á næstu hæð þar fyrir neðan, en þykni úr því á hverri hæð í minsta lagi um $\frac{1}{100}$ hæðarinnar og ekki minna en 3 sentimetra, og í kjallara sjeu þeir ekki þynnri en 32 sentimetrar.

Gluggalausir gaffveggir mega vera 23 sentimetrar á þykkt, bæði í þakhæð og tveim næstu hæðunum þar fyrir neðan, þykni þá um $\frac{1}{100}$ hæðarinnar og ekki minna en 3 sentimetra, en sje í kjallara ekki þynnri en 32 sentimetrar.

Gaffveggir skulu vandlega bundnir í þak og gólfviði (sbr. 17. og 18. gr.) og studdir þakstól, ef þeir eru hærri en 4 metrar ofan efsta lofts.

- c. Byggingarnefnd getur leyft að aðrir útvegir en hjer hafa taldir verið, sem studdir eru milli þverveggja úr sama efni, og bera lítið eða ekkert annað en sinn eigin þunga, svo sem útveggir stigahúsa, megi vera að þykkt jafnir gaffveggjum.

- d. Enginn útveggur má þó þynnri vera ofanjarðar en 23 sentimetrar nje í jörðu þynnri en 32 sentimetrar. Hinsvegar getur byggingarnefnd leyft að veggjaþrep undir gluggum en ofan gólfs sje allstaðar ofan kjallara 23 sentimetra þykk, þó að veggir sjeu annarsstaðar þykkri, ef innau þrepsins eru sett hitunarfæri eða skjólveggur. Í kjallara mega veggjaþrep undir gluggum ekki þynnri vera en 35 sentimetrar.

- e. Í íbúðar- og vinnuherbergjum, sem liggja að fleiri útveggjum en einum eða að þynnri útvegg en 32 sentimetra, skal innan við útveggi gjöra skjólvegg úr steini eða steypu — eða úr borðum, reyrvef og steinlimshúð á trjerimum eða járnneti — eða úr borðum og veggfóðri — eða öðrum efnum sem við á á hverjum stað og byggingarnefnd samþykkir. Loftrúm sje á milli útveggjar

27

23. mál.

og skjólveggjar, og ákveður byggingarnefnd breidd þess, og sje hún ekki minni en 4 sentimetrar.

- f. Utveggi úr steini eða steypu skal sljetta utan með sementshúð ofanjarðar og hafa vatnsvarnarefni í húðinni eða verja þá á annan veg tryggilega gegn vætu utan að.
- g. Burðarveggir innanhúss sjeu í hverri hæð jafnir að þykkt, $\frac{1}{3}$ af samanlagðri þykkt beggja hliðveggja þeirrar hæðar, eins og hún er ákveðin hjer að framan (staflíð a).

Ef burðarveggirnir eru tveir samhliða, skal hvor um sig vera að þykkt jafn $\frac{2}{3}$ af þykkt þess hliðveggjar, sem honum er næstur. Ef ekki er stiga-hús á milli þeirra eða breiðara bil en nemi $\frac{1}{5}$ af allri breidd hússins innan máls, getur byggingarnefnd veitt nokkra ívilnun í þessu ákvæði.

Ef breiðara er milli samhliða burðarveggja en nemi $\frac{1}{3}$ af allri húsbreiddinni innan máls, getur byggingarnefnd aukið þykkt þeirra eftir því sem þörf krefur.

Þykkt burðarveggja ofan efsta lofts, ákveður byggingarnefnd í hvert skifti. Þó mega burðarveggir hvergi þynnri vera en 16 sentimetrar.

Ef burðarveggir hafa að dómi byggingarnefndar ónógan stuðning af þverveggjum, getur hún aukið þykkt þeirra svo sem þörf krefur.

- h. Veggir stigahúsa, sem ekki eru burðarveggir nje tveir stigar liggja að, skulu í þakhæð og næstu hæð vera í minsta lagi 13 sentimetra þykkir og síðan ekki þynnri en 16 sentimetrar; þó sjeu þeir í kjallara að minsta kosti 3 sm. þykkri en á næstu hæð fyrir ofan (sbr. 22. gr. 3.).
- i. Aðrir veggir úr steini eða steypu, sem aðeins bera sinn eigin þunga, skulu í þakhæð og næstu tveim hæðum vera í minsta lagi 13 sentim. þykkir, síðan 16 sentim., en þó í kjallara að minsta kosti 3 sentimetrum þykkri en á næstu hæð fyrir ofan.

Ef slíkir innveggir eru gjörðir úr timbri, skulu þeir milli íbúðarherbergja (16. gr. 1. d.) vera tvíbyrtir, og auk þess með steinlímshúð báðum megin, ef íbúð er á þrem hæðum í húsinu.

- j. Innveggi þá, sem umgetur undir staflíð h. og i., mega bitar á engan hátt skerða, fara í gegnum þá eða hvila á þeim, þer sem þeir fara í gegnum bitalögin, og þar sem slíkur veggur endar að ofanverðu, skal eins að farið. Þó má þar einnig leggja bita ofan á slíkan vegg endilangan. Sama máli er að gegna þar sem slíkur veggur kemur að þakviðum. Einnig getur byggingarnefnd leyft að leggja bitaenda á stigapöllum í stigahússvegg.

Í stórum húsum, þar sem dýpt herbergja er yfir 5 metra eða hæð er yfir 3,5 metra — getur byggingarnefnd aukið þykkt þessara veggja um 3 sm. og eins þar sem á þá eru settar dyr mjög þjett, eða mjög stórar eða aðrar ríkar ástæður heimta.

- k. Samanlögð breidd glugga og dyratóttá má ekki í neinum vegg úr steini eða steypu nema meiru en $\frac{3}{5}$ hlutum af allri lengd veggjarins, engin einstök glugga- eða dyratótt breiðari vera en 1,70 metra og enginn veggjastöpull mjórri en nemi $\frac{1}{4}$ hluti af samanlagðri breidd beggja tóttanna báðum megin

við hann og ekki mjórri en 50 sentimetrar. Yfir glugga- og dyratóttum sjeu veggir nægilega styrktir járnum. 72
23. maí.

Þó getur byggingarnefnd leyft að gluggatóttir og dyra sje stærri eða taki meira veggjarúm en hjer var sagt, gegn því að styrkleikur veggjanna sje þá á annan veg aukinn að því skapi.

1. Byggingarnefnd ákveður, að hve miklu leyti hlaðnir veggir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, megi hlíta sömu ákvæðum sem steinsteypuveggir.

Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþyktir en ákveðnar eru í þessari grein, þar sem gjörðar eru stórar veggbrúnir (gesims) utan á vegg vegglægjur úr trje lagðar í vegg undir bitaenda eða annað gjört sem mjög eykur áreynslu á veggina, eða rýrir styrkleika þeirra.

Ef þykt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin að því skapi þar fyrir neðan, ef byggingarnefnd telur þess þörf.

3. Ekki má múra eða steypa húsveggi eða undirstöður, ef frost er 2° C. eða meira.

16. gr.

1. Timbur, sem er notað til húsabyggingar, skal vera vandað og óskemt.
- a. Í timburhúsum, þar sem stafhæðin er alt að 3 00 metrum og herbergjadyptin alt að 4.50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10.5×10.5 sm., á neðri hæð 10.5×13 cm., og hornstafir 13×13 sm. Sje hæðin meiri, alt að 4.00 metrum og herbergjadyptin alt að 5.00 metrum, skal þykt stafanna út og inn aukin að minsta kosti um 26 mm.

Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleik stafanna. Byggingarnefnd rá leyfa að í smáhúsum, ekki yfir 70 fermetra að flatarmáli, sjeu stafir 10.5×10.5 sm. bæði uppi og niðri. Stafir sjeu ekki strjálí en svo, að eigi sje minna en einn stafur á hverjum 1.25 metrum að meðaltali í lengd veggjarins, og ekki má lengra vera á milli þeirra neinstaðar en 1.50 metrar, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til.

Milli allra stafa sjeu spyrnur (»lausholt«) og í hverjum vegg eigi færri en tvær skorður (»skástifur«). Þær hallist eigi minna en svo, að hallinn — mældur lárjett — nemi sem svarar hálfri hæð skorðunnar.

Staflægjur og syllur sjeu á hvorugan veg grennri en stafir eru á þykt út og inn.

Í hliðveggjum þeim sem bita bera, skal undir bitaenda leggja aurstokk á grunn, ekki grennri en stafir eru á veggnum eða 13×13 sm. ef stafir eru gildari. Ofan á bitaenda komi undirstokkur, jafnbreiður stöfum, og eigi þynnri en 6.5 sm. Niðurundan stöfum skal fella trje á milli aurstokks og undirstokks. Stafi skal festa saman um hæðamót með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur. Milli klónna má vera alt að 2.50 metrum.

- b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr plægðum borðum, er sje að minsta kosti 26 mm. þykk, og skal negla þau vandlega í alla stafi, skorður, spyrnur,

72
23. maí.

aurstokka, bita, undirstokka, staflægjur og syllur. Utan á þilið skal koma pappi og síðan bárujárn, en að minsta kosti 13 mm. þykkir listar milli járns og pappa. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, er vita út að torgum eða öðrum auðum svæðum.

Innan á grindina skal koma pappi og plægt þil eða annað ekki lakara.

- c. Grind í burðarveggjum innan húss, skal í smáum húsum, með alt að 3 metra lofthæð og 4.50 metra herbergjadýpt, gera úr 8×10.5 sm. viðum niðri og 8×8 cm. viðum uppi. Sje hæð eða dýpt herbergja alt að 1 metra meira, skulu grindarviðir ekki vera rýrari en 10.5×10.5 sm. niðri og 8×10.5 sm. uppi, en sje hæðin meiri eða herbergin dýpri getur byggingarnefnd krafist gildari víða. Að öðru leyti gilda sömu reglur um máttarviði sem í útveggjum.
- d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr plægðum borðum sje hvoru megin og 3.2 sm. þykkir renningar á milli. Jafn vænir skulu veggir vera, sem stigi liggur upp með, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleika (sbr. og 22. gr. 3).
- e. Í útihúsum og skúrum, sem ekki eru hærri en 3 metrar frá undirstöðu, má gera grindina úr 8×8 sm. trjám eða 5.25×10.5 sm. plönkum (eða „battingum“).
- f. Í timburveggjum má samanlögð breidd glugga og dýra, mæld á milli stafa, ekki nema meiru en $\frac{3}{5}$ hl. af allri lengd veggjarins, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til og segi þá fyrir um, hversu tryggja skuli veggnum nægan styrkleika.
- g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

2. Kjallaraveggi timburhúsa skal gera úr sömu efnum og kjallaraveggi steinhúsa. Þeir sjeu að þykt ekki undir 32 sentimetrum útveggir, og burðarveggir innanhúss í lágum húsum, ekki stærri en 70 fermetrar að flatarmáli, 20 sentimetra þykkir, í stærri húsum ekki undir 23 sentimetrum.

17. gr.

1. Trjebitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja sjeu ekki strjálí en svo að 95 sentimetrar sjeu á milli þeirra, mælt af miðju á miðju.

Þar sem milligólf er skulu trjebitar ekki grennri vera en 6 þuml. á hæð og 13 sm. á breidd, þegar hafið er alt að 3.15 metrum, og aukast á hæðina um $\frac{1}{24}$ og á breiddina um $\frac{1}{48}$ af því, sem hafið vex þar fram yfir.

Þar sem ekki er milligólf, má styrkleikur bitanna vera $\frac{1}{10}$ minna en nú var ákveðið.

Styrkleikur trjebita stendur í beinu hlutfalli við breiddina og við hæðina margfaldaða með sjálfri sjer. Þegar hæðin er kölluð h og breiddin b , miðast styrkleikurinn því við útkomuna af $h \times h \times b$, sem venjulega er skrifað $h^2 b$. Tveir bitar eru því aðeins jafnstærkir á sama hafi, að útkoman af $h^2 b$ sje jöfn fyrir báða.

Nota má bita með öðrum gildleik en hjer er ákveðið ef styrkleikinn er samur eða meiri. Þó má hæð bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra,

nema því að eins að bitarnir sjeu skorðaðir hver gegn öðrum með krossskorðum milli efri og neðri brúnar á víxl, og sjeu skorðurnar ekki grennri en 5.25×5.25 sm. 72. maí.

2. Sjeu húsveggirnir gerðir úr steini eða steypu, skal að minsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaffiveggir úr steini eða steypu skulu og bundnir með járnakkerum á 3 metra millibili inn í bitalögin; skal hvert akkeri ná yfir að minsta kosi tvo bita og fest í þá báða.

3. Trjególf skal vera úr plægðum borðum, er sje að minsta kosti 3,2 sentim. þykk. Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

Milligólf skal vera, þar sem það er haft, úr borðum milli bitanna, þar ofan á að minsta kosti 3 sentim. þykt lag af deiglumó, móhellu, steypu eða öðru efni er ekki er lakara nje veldur óheilmæmi eða fúa.

10. gr.

Þök skulu svo gerð að húsveggjum stafi engin hætta af þeim.

1. Sperrur og skambbitar mega ekki grennri vera en 10.5×10.5 sm. þegar hafið er alt að 3,15 metrum. Hafið skal mæla á loftbitunum beint niður undan sperrum og skambbitum. Skulu viðir þessir gildna á hvern veg um $\frac{1}{24}$ af því sem hafið vex, fram yfir það sem áður greinir.

Bilið milli sperra, talið af miðju á miðju, má vera alt að 1,25 metra undir mál- og pappapökum, en alt að 0,95 metra undir hellu og steinpökum.

Nota má máttarviði með öðrum gildleik en í grein þessari er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri.

2. Á sperrur skal leggja súð úr plægðum borðum, er ekki sje þynnri en 2,5 sentimetrar, og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað eldtrygt efni, sem brunamálalög leyfa.

3. Gaffiveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum við þakviði.

4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, þegar um útihús er að ræða.

19. gr.

Gluggakarma og útidyra skal gera úr plönkum, er ekki sje þynnri en 5.25 sm. Þeir skulu í steinveggjum roðnir karbólini, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið er veit að steini eða steypu, og eins allir máttarviðir bæði í stein- og timburhúsum, sem að steypu liggja eða steini.

20. gr.

Íbúðarherbergi skulu ekki vera lægri undir loft en 2,50 metrar, gólfhlötur þeirra eigi minna en 6 fermetra og einn veggur útveggur með glugga á hjörum.

Loft- og kvistherbergi má hafa til íbúðar, þó að hæð þeirra undir loft sje eigi meiri en 2,20 metrar. Sje herbergið undir súð skal meðalhæð þess eigi

72 minni vera en 2,20 metrar yfir að minsta kosti $\frac{1}{3}$ gólfleti herbergisins.
 23. mal. Hvergi mega veggir íbúðarherbergja lægri vera en 1.00 metri.

Í öllum þakherbergjum, sem í er búð, skal klætt þiljum og þar á pappa eða steinlimshúð innan á þakviði eins og á útveggi, eða öðru efni ekki lakara eða eldfimara en haft er á loft og veggj anarsstaðar í húsinu.

Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

21. gr.

1. Þar sem ekki er kjallari skal í íbúðarhúsum vera í minsta lagi 30 sentimetra hæð frá jörðu undir neðstu gólfviði og vindauga á undirstöðunni. Ef gróðrarmold er í hússtaðinu skal setja efst lag af möl eða öðrum hreinlegum ofaniburði, ekki þynnra en 10 sentimetra.

2. Kjallara má eigi nota til íbúðar nema byggingarnefnd veiti með ráði hjeraðslæknis sjerstakt leyfi til þess, og gluggar viti út að óbygðu svæði eða götu ekki mjórri en 12,00 metra.

3. Um skipun íbúðarherbergja í kjallara skal gæta þess er hér segir:

- a. Helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar.
- b. Glerflötur glugganna ofanjarðar sje eigi minni en nemi $\frac{1}{10}$ af gólfleti herbergisins.
- c. Gólf skal gera úr asfalti, sementi eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sje trje-gólf þar ofan á.
- d. Gólfð sje að minsta kosti 30 sentim. fyrir ofan hæsta stórstraumsflód, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræslu, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfinu.
- e. Veggina skal verja raka svo sem fyrir er mælt í 14. gr.

22. gr.

1. Í öllum húsum skal vera frjáls gangur úr hverri íbúð og einstökum hlutum hennar að stiga, og báðum ef tveir eru, og frá hverjum stíga greiður út-gangur ekki þrengri en stiginn.

Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, gerður sem burðarveggur (15. gr. 2. g og 16. gr. 1 c) og ekki minna en tvær hurðir skrálæstar á leiðinni frá öðrum stiganum til hins.

2. Í steinhúsi alt að 90 fermetrum að flatarmáli eða timburhúsi alt að 70 ferm., þar sem ekki er íbúð á fleiri hæðum en tveimur, skal vera að minsta kosti einn stigi, forstigi, ekki mjórri en 0,85 metra, en sje húsið hærra, þá tveir stigar, forstigi 0,85 metra breiður og bakstigi 0,65 metr. í minsta lagi.

Í stærri húsum, sem ekki hafa íbúð á fleiri hæðum en tveimur, má og duga einn stigi, forstigi 0,90 metra breiður, ef húsið er steinhús og flatarmál þess ekki yfir 150 ferm., eða ef það er timburhús alt að 120 ferm., en sje húsið stærra um sig eða hærra, skulu stigarnir vera tveir, forstigi 0,90 m. breiður, og bakstigi 0,70 m. breiður. Stigi að loftherbergjum, þar sem ekki er eldhús og ekki hafa fleiri en ein fjölskylda aðgang að, má vera 0,70 m. breiður.

Enginn stigi, sem veggir falla að á báðar hendur, má þó mjórri vera milli veggja en 0,90 m. 72
23. maí.

3. Í húsum, sem íbúð hafa á fleiri hæðum en tveimur, en eru svo lítil um sig — vegna lóðarþrengsla eða annara svipaðra orsaka, — að tveir stigar mundu rýra mjög nothæfi þeirra, má byggingarnefnd leyfa að hafa aðeins einn stiga, enda sje húsið ekki ótryggara gegn eldshættu en ráð er gert fyrir í 12. gr. 3. a. Slíkir stigar skulu gerðir úr járnbandri steinsteypu og allir pallar sömu-leiðis, og skulu veggir stigahússins, ef þeir bera stigann, hafa nauðsynlega þykkt til þess, ekki undir 25 sentim.

4. Allir trjstigar skulu hafa steinlímshúð á baki.

Á öllum stigum skulu vera handrið, og skal stigum svo hagað, að nægileg birta og loft geti komist að þeim.

5. Bæði stigar og inngöngurið skulu vera svo gjörð að hvert skref í þeim sje 60—65 sentimetra. Skref í stiga er samanlagt eitt framstig og tvöfalt uppstig. Framstig er þrepsbreidd lárjett milli brúna, mæld á ganglinu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, og ekki fjær fremri brún hans en 0,50 metra. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig má aldrei ver mjórri en 14 sentim, í 0,85 metra breiðum forstigum ekki undir 18 sentim. og í öðrum forstigum og inngönguriðum ekki mjórri en 20 sentim. Stigagöt skulu jafnan svo við að gangrúm í þeim sje hvergi lægra en 1,90 metra.

23. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja hæfilega mörg og stór salerni, og má ekki setja þau annarsstaðar en byggingarnefnd samþykkir.

24. gr.

1. Um reykháfa gilda þær reglur er hjer greinir:

- a. Reykháfar skulu hlaðnir úr tígulsteinum og steinlímur eða gjörðir úr sterkri steinsteypu. Skulu hliðar reykháfsins ekki þynnri vera en 12. sentim. og vídd hans innanmáls eigi minni en 23 sentim. að þvermáli.
- b. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring og eins þar sem hann gengur í gegnum þakið, og skal vera að minsta kosti 17 sentimetra þil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna. Ef reykháfurinn er ekki járnklæddur, skal þil þetta vera í minsta lagi 22 sentim., og skal þá múrað eða steipt á milli reykháfs og víða. Ekki má þilja reykháfinn utan nje klæða hann borðum nje láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista.
- c. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða standa á steinhvelfingu eða á steinsteiptum bitum járnklæddum, milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á trjebitum eða trjególfum. Reykháfar skulu ná 0,80 metra upp úr mæni hússins, en komi þeir upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd hæð þeirra í hvert sinn, en þó sje hún ekki minni en 1,00 metri.

72
23. maí.

- d. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafn við reykháfum, og traust járnhurð fyrir í járnumgjörð.
- e. Inn í 23 sm. víðan reykháf má eigi setja reykpiðu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja pípu þannig gjörðan að pípan geti ekki ýst inn í reykháfinn.

Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að þess má vænta að áliti byggingarnefndar, að þaraf muni stafa óþægindi þeim til handa, er nærri búa, þá skal gjöra reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd telur nauðsynlegt.

2. Um ofna og eldavjelar gildir það er hér segir:

- a. Ofna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo að 21 sentim. sje á milli.
- b. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega ekki koma nær trje en svo, að 21 sentim. sje á milli; þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, þar sem eldfim efni eru geymd.
- c. Eldavjelar má setja á trjególf, ef að minsta kosti 12 sentim. eru frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og á milli tvö lög tígulsteina, hlaðin í bindingu og steinlimd, eða steypugólf jafn þykt, eða gólfíð er þakið járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.
- d. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti eða múr — eða steypufyltum eða opnum járnfæti; sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er fyllir út í holið, 5 sentim. frá gólfi að minsta kosti.
- e. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfíð fram undan eldstæðinu þakið óeldnæmu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 32 sentim. fram á gólfíð fyrir framan ofninn eða eldavjelina og ekki minna en 21 sentim. út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aftanverðu.
- f. Herbergi sem ætluð eru gufukötlum eða vatnskötlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa vegg og gólf úr steini eða steinsteypu og loft af sömu gjörð, þó má í þess stað koma trjególf með steinlimshúð neðan, ef ketillinn kemur ekki nær loftinu en 1,25 m. Sjerstakt leyfi byggingarnefndar þarf til að setja miðstöðvarhitun í hús.
- g. Í trjesmiðavinnustofum og herbergjum öðrum, þar sem unnið er að álíka eldfimum efnum eða fremur, skal klæða loftin járnþynnum eða öðru jafn tryggu sem byggingarnefnd samþykkir. Um eldstór á slíkum stöðum, skal og jafnan farið að öllu eftir nánari fyrirmælum brunamálalaga, sem og í öllu öðru er framanskráð ákvæði taka ekki yfir.

25. gr.

Sjerstakt leyfi byggingarnefndar þarf til að nota önnur byggingarefni, en þau er nefnd eru í samþykkt þessari, og skal það að jafnaði veitt, ef reynsla er fyrir því, að hús úr þeim efnum sjeu jafn traust og þau, er hér er gjört ráð fyrir.

Torfbæi og torfhús má eigi reisa annarsstaðar en þar, sem hyggingar-
nefnd leyfir.

72
23. maí.

26. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 króna, og skal sekta bæði smíð og eiganda, er hlut eiga að máli. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað tafarlaust rífa niður það, sem kemur í bága við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær er nefndin setur. Ella skal það gjört á hans kostnað.

27. gr.

Þykir byggingarnefnd samþykkt þessi ekki fullnægjandi, skal henni heimilt, að setja þær reglur, er hún telur nauðsynlegar. Þegar þær hafa náð staðfestingu stjórnarráðsins, hafa þær sama gildi og samþykkt þessi.

Framanskráð byggingarsamþykkt er sett samkvæmt lögum um byggingarsamþykktir 20. október 1905, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 23. maí 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

73
24. maí.

**um breyting á reglugjörð 1. mars 1917, um útflutningsbann
á ýmsum vörum.**

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafanna útaf Norðurláfuófriðnum, er hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr. nefndrar reglugjörðar orðist þannig:

Bannað er að flytja út úr landinu eða selja úr landinu allar aðfluttar nauðsynjavörur svo sem matvæli, veiðarfæri, salt, kol, steinolíu o. s. frv.

Ennfremur er bannað að flytja út úr landinu eða selja úr landinu smjör, sem framleitt er hjer á landi.